

2003 nr. 86 26. mars**Lög um Íslenskar orkurannsóknir**

Tóku gildi 10. apríl 2003 en komu til framkvæmda 1. júlí sama ár. *Breytt með* l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **umhverfis- og auðlindaráðherra** eða **umhverfis- og auðlindaráðuneyti** sem fer með lög þessi.

■ **1. gr.** Íslenskar orkurannsóknir eru sérstök ríkisstofnun sem heyrir undir yfirstjórn [ráðherra].¹⁾

¹⁾ L. 126/2011, 374. gr.

■ **2. gr.** Hlutverk Íslenskra orkurannsóknna er að vinna að verkefnum og rannsóknum á sviði náttúruvafars, orkumála og annarra auðlindamála eftir því sem stjórn stofnunarinnar ákveður.

■ **3. gr.** Ráðherra skipar fimm menn í stjórn Íslenskra orkurannsóknna til fjögurra ára og ákveður stjórnarlaun.

□ Stjórnin hefur á hendi stjórn stofnunarinnar og samþykki-ir fjárhagsáætlun hennar og starfsáætlun fyrir eitt ár í senn. Fjárhagsáætlun skal send ráðherra til staðfestingar.

■ **4. gr.** Forstjóri Íslenskra orkurannsóknna er ráðinn af stjórn stofnunarinnar. Forstjóri ræður annað starfslið stofnunarinn-

ar og ákveður starfssvið þess. Hann hefur á hendi daglega stjórn Íslenskra orkurannsóknna og umsjón með rekstri.

■ **5. gr.** Íslenskar orkurannsóknir starfa á viðskiptalegum grundvelli á samkeppnismarkaði og afla sér tekna með sölu á rannsóknum, ráðgjöf, þjónustu og upplýsingum eða öðrum verkefnum á starfssviði Íslenskra orkurannsóknna.

■ **6. gr.** Íslenskum orkurannsóknnum er heimilt, að fengnu samþykki ráðherra, að eiga aðild að rannsóknar- og þróunar- arfyritækjum sem eru hlutafélög eða önnur félög með takmarkaðri ábyrgð.

■ **7. gr.** Ráðherra getur með reglugerð¹⁾ mælt nánar fyrir um starfsemi Íslenskra orkurannsóknna og framkvæmd laga þessara.

¹⁾ Rg. 545/2014.

■ **8. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi en koma til framkvæmda 1. júlí 2003.

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** Starfsmönnum rannsóknasviðs Orkustofnunar, sem lagt er niður með lögum um Orkustofnun, skal boðið sambærilegt starf hjá Íslenskum orkurannsóknnum. Ákvæði 7. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins gilda ekki um störf sem ráðið er í samkvæmt þessu ákvæði.